

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 1/1977. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands**

(Finnur Torfi Stefánsson hdl.)

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur,
Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,
Útvegsmannafélags Hornafjarðar og
Djúpavogs,
Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
Útvegsmannafélags Suðurnesja,
Útvegsmannafélags Akraness,
Útvegsmannafélags Snæfellsness,
Útvegsmannafélags Norðurlands,
og Útvegsmannafélags Austfjarða**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Greiðsla fyrir löndunarvinnu.

Dómur.

Mál, þetta, sem tekið var til dóms 29. f.m., var þingfest 22. febrúar 1977.

Stefnandi málsins er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands.

Stefndi er Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða.

Kröfur stefnanda eru þær, „að viðurkennt verði með dómi, að ákvæði 5. mgr. 21. gr. vertíðarsamnings í kjarasamningi aðilja dags. 1. marz 1976, sem lögfestur var með bráðabirgðalögum frá 6. sept. 1976, nr. 98/1976, sbr. 16. gr. fylgiskjals IV með þeim lögum, um greiðslu fyrir vinnu skipverja við löndun afla, taki einnig

til skipa á spærlingsveiðum og skipverjar á þeim skipum fá greitt fyrir löndunurvinnu eftir þessu ákvæði.“ Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo, að sumarið og haustið 1976 hafi spælingsveiðar verið stundaðar í ýmsum verstöðvum hér á landi með botnvörpu. Risið hafi ágreiningur um greiðslu fyrir vinnu við löndun afla milli áhafna og útgerðarmanna skipa, sem stunduðu spælingsveiðar. Hafi útgerðarmenn og varnaraðilar málsins hafnað að inna slíkar greiðslur af hendi. Áhafnir skipanna hafi hins vegar talið sig eiga rétt á slíkum greiðslum, svo sem ákvæði vertíðarsamnings milli aðila frá 1. marz 1976, er lögfestur var með lögum nr. 98/1976, mæli fyrir um.

Krafa stefnanda er byggð á því, að kjarasamningi aðila frá 1. marz 1976 sé skipt í þrjá meginhluta, vertíðarsamning, síld- og loðnuveiðisamning og flutningsamning. Í 5. gr. vertíðarsamningsins sé ákvæði um skiptakjör á spærlingsveiðum og samkvæmt beinu orðalagi samningsins fari um kaup og kjör á þeim veiðum eftir ákvæðum þess samnings. Í 21. gr. vertíðarsamningsins sé kveðið á um löndunarfrí og sé tekið fram í 1. mgr. að þau eigi við veiðar með botnvörpu, enda sé skip í útilegu. Samkvæmt 16. gr. samningsins teljist útilega á botnvörpuskipi, er veiðiferð taki lengri tíma en 2 sólarhringa. Spærlingsveiðar séu stundaðar með botnvörpu og taki veiðiferðir jafnan lengri tíma en tvo sólarhringa. Sé ljóst af þessu að ákvæði 21. gr. vertíðarsamningsins eigi við um spærlingsveiðar. Útgerðarmenn hafi í framkvæmd viðurkennt þetta sjónarmið með því að veita skipverjum á skipum, sem stunda spærlingsveiðar, orlof í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 21. gr. vertíðarsamningsins. Sé þetta staðfest af stefnda í bréfaskiptum, sem farið hafi milli aðila um þetta ágreiningsefni. Ákvæði 1. gr. vertíðarsamningsins hafi ekki að geyma neinn fyrirvara um spærlingsveiðar.

Ekkert bendi til, að greinina eigi að skilja svo, að einungis fyrri hluti hennar taki til spærlingsveiða, en ekki síðasta málsgreinin, sem fjalli um greiðslu fyrir löndunurvinnu. Ekki séu í vertíðarsamningnum nein önnur ákvæði sem unnt sé að skilja svo, að áhafnir spærlingsveiðiskipa eigi að sæta öðrum og verri kjörum um greiðslur fyrir löndun, en áhafnir skipa sem stunda aðrar sambærilegar veið-

ar. Sé af þessu ljóst, að áhafnir spærlingsveiðiskipa njóti fulls réttar samkvæmt 5. mgr. 21. gr. vertíðarsamnings aðila frá 1. marz 1976. Þá var því ennfremur haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé alþekkt og viðurkennt, að markmiðið með ákvæðum um greiðslur fyrir löndun sé ekki fyrst og fremst að auka tekjur skipverja, heldur frekar að tryggja þeim í raun viðunandi orlof frá vinnu sinni. Spærlingsveiðar geti staðið marga mánuði óslitið í senn og því sé sama þörf á að tryggja áhöfnum skipa, sem þær veiðar stunda, orlof og við togveiðar yfirleitt. Sé þetta staðfest í bréfaskiptum aðila, sem áður er vitnað til, og hafi útgerðarmenn veitt löndunarfrí við spærlingsveiðar í samræmi við það. Leiði af eðli máls, að sama þörf sé á úrræðum til að tryggja framkvæmd ákvæða um löndunarfrí á skipum sem stunda spærlingsveiðar sem á skipum, sem stunda aðrar togveiðar.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að í upphafi samningsviðræðna stefnanda, Sjómannasambands Íslands og stefnda, sem svo hafi lokið með undirritun kjarasamnings við yfirmenn 9. marz 1974 og við undirmenn 1. apríl 1974, hafi hvor aðili lagt fram sína kröfugerð. Í 3. t. kröfugerðar stefnanda hafi verið gerð krafa um skiptakjör á loðnu-, spærlings- og kolmunnaveiðum í flotvörpu. Hafi þessi kröfuliður verið afgreiddur í byrjun viðræðnanna, enda brýn þörf á að ganga frá ákvæðum um skiptakjör á þessum veiðum, sem þá hafi verið nýbyrjað að stunda. Ákvæðum um loðnuveiðar í flotvörpu hafi verið skipað í síld- og loðnuveiðisamning, en ákvæðum um spærlings- og kolmunnaveiðar skipað í vertíðarsamning, enda þótt um sé að ræða veiðar í bræðslu, því að á árinu 1974 hafi verið miklar horfur á því, að nýta ætti spærling til manneldis, sem þó hafi ekki orðið. Gengið hafi verið frá ákvæðum um skiptakjör sameiginlega við yfirmenn og undirmenn, sem og flest önnur ákvæði kjarasamningsins, enda þótt krafa kæmi ýmist frá yfirmönnum eða undirmönnum, þar sem ekki sé hægt að greiða yfirmönnum eingöngu fyrir ákveðna vinnu, en undirmönnum ekki eða öfugt. Hafi og mjög verið reynt að staðla orðalag þeirra greina kjarasamningsins, sem samþykktar voru. Hafi þetta verið í fyrsta skipti, sem alvarleg tilraun hafi verið gerð til þessa, og jafnframt að ræða efni greinanna á skipulegan hátt og skipta þeim í flokka með fyrirsögnum, ef um margskipt efni var að ræða í sömu grein. Ekki hafi í þessum samningum eða síðar verið samið um nein önnur atriði

varðandi spærlingsveiðar, nema skiptaprósentu, en ýmis ákvæði kjarasamningsins verði sameiginleg eðli málsins samkvæmt, og geti það einnig átt við spærlingsveiðar, án þess, að það sé berlega tekið fram. Þetta eigi þó ekki við í öllum tilvikum t.d. eigi það ekki við um löndunarfrí og hafnarfrí, þar sem samið sé sérstaklega um hverjar veiðar fyrir sig, svo sem samningurinn sjálfur beri með sér. Í samningnum séu engin ákvæði um hafnarfrí skipverja á spærlingsveiðum og sé það eðlilegt, þar sem það hafi aldrei borizt í tal meðan á samningaviðræðunum stóð. Þrátt fyrir það, að þessir aðilar hafi ekki samningsbundinn rétt til að fá löndunarfrí, hafi þeim verið veitt það umfram skyldu, enda sé ekki hægt að láta þá eina vera án þess. Þar sem ekki séu nein ákvæði um frí á spærlingsveiðum, þá hafi það verið veitt með ýmsum hætti eftir því hvaða viðmiðun hafi verið valin. Við gerð kjarasamningsins 1974 hafi Sjómannasamband Íslands gert kröfu um það, að skipverjar á togskipum, sem veiddu í ís, skyldu vera undanþegnir því, að landa aflanum. Á svipadán hátt hafi stefnandi gert kröfu um það, að yfirmenn væru undanþegnir löndun, ef skip væri á útilegu með þargreindum veiðarfærum. Eftir samningabóf um þetta hafi svo verið gengið frá samningsgreininni og séu ákvæði hennar enn óbreytt, sbr. 21. gr. vertíðarsamningsins, Svo sem skýrt komi fram, sé þarna miðað við að skip stundi útilegu, en hugtakið útilega sé skýrt í 16. gr. samningsins. Sé ljóst af þessu að ákvæðið um greiðslu fyrir löndun taki aðeins til löndunar á ísuðum bolfiski, en ekki spærlingi, enda sé spærlingur veiddur í bræðslu en ekki slægður og ísaður, enda mjög smár fiskur. Hafi öllum verið ljóst, sem að samningsgerðinni stóðu, að eingöngu hafi verið átt við löndun á ísfiski úr hinum hefðbundnu togbátum, sem stundi bolfiskveiðar, þar sem í 21. gr. samningsins sé rætt um skip, sem stundi veiðar með botnvörpu. Til stuðnings þessu megi benda á það, að fljótlega eftir undirskrift samningsins sumarið 1974 hafi sjómenn á bátum við humarveiðar gert kröfu um að fá greitt fyrir löndun afla. Ekki hafi þá orðið neinn ágreiningur um það milli aðila, að greiðsla fyrir löndun ætti ekki við um humarbáta, enda þótt stór hluti aflans sé bolfiskur, sem komi í humarvörpunna. Þá sé á það að líta, að spærlingur sé bræðslufiskur, sem sé landað með krabba, en ísaður bolfiskur sé tindur upp í löndunarmál, hver tegund fyrir sig, og sé þar um allt aðra löndunaraðferð að ræða, mun fyrirhafnarmeiri og erfiðari.

Ákvæðum um löndunarfrí í 21. gr. vertíðarsamnings í kjarasamningi aðila dags. 1. marz 1976, sem lögfestur var með bráðabirgðalögum frá 6. september 1976, nr. 98/1976, sbr. 16. gr. fylgiskjals IV með þeim lögum, eru svohljóðandi:

„*Um löndunarfrí.*

Á skipum 161 rúml. og stærri, sem stunda veiðar með botnvörpu, línu, netum eða þorsknót og eru á útilegu, skulu yfirmenn innan F.F.S.Í. eiga frí hverja löndun.

Á skipum 160 rúml. og minni, sem eru á útilegu og stunda framangreindar veiðar, skulu yfirmenn innan F.F.S.Í. eiga frí aðra hverja löndun.

Ákvæði 2. mgr. tekur eigi til humar- og rækjuveiðibáta.

Sé fiskur saltaður um borð í skipinu skulu nefndir samningsaðilar hafa frí við löndun.

Vinni skipverjar að löndun samkv. þessari grein, skulu þeir fá þá vinnu greidda með kr. 820,- (grunnlaun) fyrir hverja smálest, er skiptist jafnt milli þeirra manna, er að löndun vinna“.

Samkvæmt þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, sbr. einkum vottorð Guðna Þorsteinssonar fiskifræðings, dags. 3. júní 1977 og Fiskifélags Íslands, dags. 8. júní 1977 verður lagt til grundvallar, að í íslenzk fiskiskip sé spærlingur veiddur í botnvörpu af sérstakri gerð til bræðslu og mjölvinnslu í fiskimjölsverksmiðjum og því ekki slægður og ísaður um borð í skipunum. Í 5. mgr. kaflans um löndunarfrí í 21. gr. vertíðarsamningsins er áskilið, að skipverjar vinni við löndun samkvæmt þeirri grein. Ákvæði 5. mgr. ber því að skýra með hliðsjón af öðrum ákvæðum greinarinnar. Ákvæði 1. og 2. mgr. 21. gr. (kaflans um löndunarfrí) eru tengd ákvæði 16. gr., sem skýra hugtakið útilegur, svo sem hér greinir: „Útilega telst, þegar komið er með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða. Þegar veiðiferð skipa, sem eru á veiðum með botnvörpu, tekur lengri tíma en 2 sólarhringa, þá telst það útilega, enda sé afli fyrri sólarhringsins slægður og ísaður.“ Með hliðsjón af þessu ákvæði kjarasamningsins verður að líta svo á, að ákvæði 5. mgr. í kaflanum um löndunarfrí í 21. gr. vertíðarsamnings aðilanna dags. 1. marz 1976, sem lögfestur var með bráðabirgðalögum frá 6. september 1975, nr. 98/1976, sbr. 16. gr. áður nefnds vertíðarsamnings taki ekki til skipverja á skipum, sem stunda spærlingsveiðar til bræðslu. Verður stefndi því sýknaður af kröfum

stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Þjarni K. Bjarnason, Sigurður Líndal, Hafsteinn Baldvinsson og Ragnar Ólafsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. september 1977.

Nr. 2/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**

(Gunnar Eydal hdl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Frídagar. Yfirvinnukaup. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni 21. marz 1977.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar: